



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
bæjarráð  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 28. október 2015

1509133 SH

**Efni: Sérstakur stuðningur og aðstoð í leikskólum 2015**

Í lögum um leikskóla er kveðið á um að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra sérfræðinga skuli eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskóla. Skóla- og frístundasvið hefur til hliðsjónar við úthlutun á sérstakri aðstoð og þjálfun í leikskólum starfsreglur samþykktar af skóla- og frístundaráði og staðfestar í bæjarstjórn. Úthlutun fer fram í maí/júní fyrir komandi skólaár og fer því ekki alltaf saman við úthlutun í fjárhagsáætlun.

Undanfarin ár hefur börnum fjölgað í leikskólunum sem þurfa meiri þjónustu, sérstaka aðstoð og þjálfun, sem hefur leitt til fjölgunar á þeim tímum sem veittir eru í slíka þjónustu. Á árinu 2014 voru veittar 95 klst. á dag til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar í leikskólum. Við fjárhagsáætlun 2015 var tekið mið af þessari úthlutun 95 klst. á dag. Á árinu 2015 var enn aukning í úthlutun tíma vegna sérstakra aðstæðna og eru veittar 111 klst. á dag í sérstaka aðstoð og þjálfun. Reynt hefur verið að hagræða til að komast til móts við þessa aukningu en það hefur ekki tekist að fullu. Því er óskað eftir auka fjárveitingu kr. 2.240.000 til að sinna þessari þjónustu á þessu ári.

Virðingarfyllst,

Svala Hreinsdóttir  
Svala Hreinsdóttir  
deildarstjóri skólapróunar og sérfræðipjónustu